

JAKOB BENEDIKTSSON

## RÁÐAGERÐIR VÍSA-GÍSLA Í HOLLANDI

GÍSLI MAGNÚSSON (Vísi-Gíslí)<sup>1</sup> segir frá því í bréfi til Björns sonar síns 1. sept. 1669, að sendiherra Dana í Haag, Martin Tanche, hafi á námsárum Gísla í Hollandi skrifað Kristjáni IV. Danakonungi um hugmyndir þær um nýjar framkvæmdir á Íslandi sem hann hafi lagt fyrir sendiherrann; og hann bætir við: “Eg hefi það skriftum heima hjá mér í þýsku”.<sup>2</sup> Þetta bréf hefur verið talið glatað, en nú er það komið í leitirnar.

Þegar Jón Samsonarson magister var að skrásetja íslensk handrit og önnur gögn varðandi Ísland í sænskum söfnum árið 1969, rakst hann á bréf það sem prentað er hér á eftir í Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi. Hann tók af því ljósrit, sem hann hefur góðfúslega látið mér í té til birtingar. Bréfið er í skjalamöppu með handritsnúmerinu K 57, en í henni eru laus og ósamstæð blöð, og er skrifað á spjald sem bundið er við: “Strödda danska historiska handlingar”. Meðal þessara blaða er umrætt bréf, en um það segir m. a. svo í skýrslu Jóns (í Stofnun Árna Magnússonar): “Fjögur folioblöð, sem skrifuð eru aftur á bl. 3v mitt. Á fremstu blaðsíðu er skrifað með blýanti: “Om Island.”, “Febr. 1646.”, “Dan” og “Dansk ministers i Holland bref.” En með penna er skrifað: “17.” og “Ur en hdskr. m. rygg-titel: D. (*ofan línu og virðist vísað niður*) Iure Suetico. och nummern 394Z.”

Því einu skal við þetta bætt, að höndin á síðustu setningunni er frá 19. öld, og svo virðist einnig vera um blýantsáskriftirnar, en óvíst er hvort þær eru með sömu hendi.

Af þessum athugasemdum á bréfinu er helst að ráða að blöðunum fjórum hafi verið kipt út úr skjalabók, þar sem meginefnið hafi verið

<sup>1</sup> Um Gísla og ritgerðir hans skal í eitt skipti fyrir öll vísað til bókar minnar. *Gíslí Magnússon (Vísi-Gíslí). Ævisaga, ritgerðir, bréf* (Safn Fræðafélagsins XI, Reykjavík 1939); hér á eftir skammstafað: GM.

<sup>2</sup> GM, bls. 110.

sænskt, og síðan hafi þau verið lögð með gögnum sem vörðuðu Danmörku. Ekkert verður af uppskriftinni um það ráðið hvar hún sé gerð né hvort hún hafi verið gerð beint eftir frumriti. Hún er skrifuð með smárri en greinilegri fljótaskrift, sýnilega af atvinnuskrifara; höndin virðist frekast vera frá 18. öld.

Enda þótt undirskrift bréfsins hafi verið sleppt í uppskriftinni, getur enginn vafi á því leikið að þetta er sama bréfið og það sem minnst var á í upphafi þessa máls. Þetta er augljóst bæði af efni bréfsins og niðurlagi þess, þar sem bréfitari kallar sig "E. M. vnterthänigster Minister". Frumbréfið virðist aftur á móti glatað; ég hef gert að því árangurslausa leit í Ríkisskjalasafni Dana, en þar eru varðveitt mörg bréf frá Martin Tanche í sendiherratið hans í Haag (1638–49). Enn má geta þess að óbeint er vísað til þessa bréfs í konungsbréfi 31. júlí 1647 til Hannibals Sehested, sem þá var landstjóri í Noregi.<sup>3</sup> Þar er getið um tillögur frá Martin Tanche til úrbóta atvinnuvegum "udi vore Lande Norge, Island, Færø og Nordkappen", m. a. um fiskveiðar, "samt Sæbesyden, Saltens Raffinering og Potaske at gjøre".

Hinsvegar hefur ríkisstjórn Dana ekki séð ástæðu til þess að taka tillit til þessa bréfs að því er Ísland varðar, eða eins og Vísi-Gísli orðaði það í áður nefndu bréfi til Björns sonar síns: "Þessu var ekki í þann tíma framfylgt". Bréfið er þó ekki ómerkt, fyrir þá sök að það sýnir að ýmsar þær hugmyndir Gísla sem hann setti fram í ritgerðinni *Consignatio instituti* 1647<sup>4</sup>, hafa verið mótaðar að verulegu leyti áður en hann fór heimleiðis frá Hollandi vorið 1646; í annan stað sýnir bréfið að Gísli hefur ekki aðeins lagt hugmyndir sínar fyrir danska sendiherrann, heldur og sannfært hann um að ástæða væri til að koma þeim áleiðis til konungs. Má af þessu marka að Gísli hefur, þótt ungur væri, ekki nema 25 ára að aldri, kunnað að standa fyrir máli sínu og vekja á sér traust. Á það má reyndar benda, að Tanche tekur fram í inngangi bréfsins að faðir Gísla sé ríkastur maður á Íslandi og ættgöfugastur. Þetta mátti til sanns vegar færa,<sup>5</sup> en sýnilegt er að Gísli hefur ekki dregið úr ættgöfgi sinni og efnahag, og kann það að hafa stutt mál hans. Þess má enn geta að Jón biskup Vídalín tekur fram í líkræðu sinni yfir Gísla að hann hafi

<sup>3</sup> *Norske Rigsregistre* VIII 554.

<sup>4</sup> GM, bls. 48–85.

<sup>5</sup> Sbr. GM, bls. 4.

náð “vináttu og kunningskap” sendiherrans og ritara hans og ferðast með þeim um landið,<sup>6</sup> og í bréfinu hér á eftir segir Tanche að hann hafi haft Gísla löngum hjá sér og að Gísli hafi oftast en einu sinni skýrt sér frá hugmyndum sínum. Þetta sýnir að með þeim hefur tekist nokkur kunningskapur. Loks er ljóst af því að Tanche hefur látið Gísla fá uppskrift af sjálfu bréfinu, að það hefur verið samið beinlínis eftir tillögum Gísla, hvort sem þær hafa verið bornar fram skriflega eða munnlega.

Tillögur Gísla, sem lýst er í bréfinu, snúast allar um verklegar framkvæmdir á Íslandi, eins og drepið verður á hér á eftir. Meginefni þeirra er tekið upp í *Consignatio* (sjá einkum 1.–2., 4., 9. og 11. kafla), en þar eru einnig settar fram aðrar og mun víðtækari tillögur, sem ekki koma fram í bréfinu, þó að vel megi vera að Gísli hafi verið farinn að hugleiða a. m. k. sumar þeirra þegar á Hollandsárum sínum.<sup>7</sup> Í bréfinu leggur Gísli megináherslu á vinnslu efna úr jörðu og sjó, en þó framar öllu á brennisteinsvinnslu. Sú atvinnugrein var raunar sú einasta af þessu tagi sem stunduð hafði verið með nokkrum árangri á Íslandi áður fyrr.<sup>8</sup> Danakonungur hafði lagt undir sig alla brennisteinsverslun á Íslandi á árunum upp úr 1560 og ýmist rekið brennisteinsvinnslu sjálfur eða selt hana á leigu. En frá lokum 16. aldar dró mjög úr brennisteins-tekju, bæði sakir verðlækkunar á brennisteini og vegna þess að brennisteinn var mjög til þurrðar genginn í helstu námunum. Árið 1606 fékk danskt félag einkarétt í 15 ár til brennisteinskaupa á Íslandi, en síðan er ekki á brennistein minnst, þangað til Gísli kemur til skjalanna. Magnús Björnsson, faðir Gísla, keypti Reykjahlíð við Mývatn 1631; að vísu var undanskilinn í kaupinu sá brennisteinn sem konungur átti í Reykjahlíðarjörðu. Í síðari skrifum sínum dregur Gísli þó fjöður yfir þennan fyrirvara.<sup>9</sup> Sýnilegt er af bréfinu hér á eftir að Gísli hefur fengið sýnishorn af brennisteini til Hollands og látið athuga þau þar. Líklegt er að Magnús faðir hans hafi reynt að selja kaupmönnum danska verslunarfélagsins brennistein, en þeir verið tregir til að kaupa. Á það benda ummæli Gísla í bréfinu, þar sem hann segir að félagið skeyti aðeins um

<sup>6</sup> GM, bls. 148.

<sup>7</sup> Sjá *Consignatio* og GM, bls. 36–39.

<sup>8</sup> Sjá GM, bls. 26 og áfr.; Björn Þorsteinsson í *Kulturhistorisk Leksikon for nordisk middelalder* undir *Svoxl*, Island, og rit sem þar er vísað til.

<sup>9</sup> Sjá GM, bls. 27–28; *Bibliotheca Arnarnæana* VII 153 (bréf til O. Worm).

venjulega verslun með ket og fisk, en hirði ekkert um þann hagnað sem hafa megi af brennisteini.<sup>10</sup>

Áhuginn á brennisteinsvinnslu virðist því hafa verið kveikjan að framfarahugmyndum Gísla, en þær hafa smám saman þróast í þá mynd sem kemur fram í Consignatio. Fyrsta stigið hefur greinilega orðið til í Hollandi, eins og ljóst má vera af eftirfarandi bréfi.<sup>11</sup>

Skal nú vikið stuttlega að bréfinu sjálfu.

Það er skipulega samið: fyrst inngangur (1), sem skýrir frá tilefni bréfsins og gerir grein fyrir Gísla; síðan er greinargerð fyrir framfarahugmyndum hans í sex liðum (2–7), og loks eru tilmæli Gísla um að honum verði falin yfirumsjón með öllum þeim framkvæmdum sem gerðar kunni að verða á Íslandi samkvæmt tillögum hans (8).

Hér skulu aðeins gerðar nokkrar athugasemdir við fáein atriði, og þá einkum þau sem ekki eru kunn úr síðari skrifum Gísla. Miðað er við ofangreinda kaflaskiptingu í bréfinu.

(1) Tanche tekur fram að hann hafi vitneskjuna um auðæfi og ættgöfgi Magnúsar Björnssonar frá fálkafangara sem stundað hafi fálkaveiðar á Íslandi í meira en 30 ár. Hér er að öllum líkindum átt við Johan Mom (1597–1667), sem stundaði fálkaveiðar á Íslandi um langt árabíl frá því um 1620, en hann var a. m. k. um skeið í þjónustu Maurits prins af Oranje.<sup>12</sup>

(2) Í fyrsta lið tillagnanna er megináhersla lögð á brennisteinsvinnslu, eins og áður er dregið á. Tanche segir að athugun á brennisteinssýnishornum Gísla hafi leitt í ljós að brennisteinninn sé góður, en þó nokkru feitari en sá sem kemur frá öðrum löndum; því sé hann ekki eins hentugur til púðurgerðar, nema með frekari hreinsun, hinsvegar sé slíkur feitur brennisteinn mikið notaður í Frakklandi. Enn fremur minnst hann á að vitríól finnist og á Íslandi með brennisteininum, og sé af því hagnaðarvon. Allt þetta kemur fram í síðari skrifum Gísla.<sup>13</sup> Hvergi

<sup>10</sup> Ole Worm staðfestir þetta raunar í bréfi til Gísla 1647: „Kaupmenn vorir hafna óbræddum brennisteini með öllu og meta bræddan lítils, því að þeir græða meira á öðrum varningi” (*Bibl. Arnam.* VII 155; þýtt hér).

<sup>11</sup> Sbr. GM, bls. 26 og 35–36.

<sup>12</sup> Sjá M. Simon Thomas, *Onze IJlandsvaarders in de 17de en de 18de Eeuw* (Amsterd. 1935), bls. 38–52; Páll E. Ólason, *Menn og menntir* III 159–64; Björn Þórðarson, *Íslenzkir fálkar* (Safn til sögu Íslands, 2. fl. I 5), bls. 52–66.

<sup>13</sup> Sjá Consignatio, 2. kafla og bréfið til Worms 1646 (*Bibl. Arnam.* VII 152–53).

nema hér kemur hinsvegar fram sú hugmynd að hagkvæmt væri að hreinsa brennisteininn við námurnar til þess að draga úr flutningskostnaði, svo og að leggja mætti veg að sumum námunum, sem væri akfær vögnum á sumrum og sleðum á vetrum. Loks er bent á að brennisteininn mætti nota í púðurgerð danska ríkisins, ef til hennar yrði stofnað á Helsingjaeyri.

(3) Annar liður tillagnanna snýst um saltpétur. Gísli segir hann að vísu ekki hafa fundist á Íslandi, en telur víst að hann muni vera þar til. Sama kemur fram í *Consignatio*, 2. kafla, og ennþá í samningi Gísla við Torfa Hákonarson 1699.<sup>14</sup> Bent er á að finnist saltpétur, sé allt efni til púðurgerðar til reiðu á Íslandi, þar sem auðvelt sé að útvega þar trékol. Púðurgerð gæti þá orðið ódýrari á Íslandi en annarstaðar, því að vinnulaun séu þar miklu lægri, þar sem sama vinna fáist fyrir einn ríkisdal og fyrir 8–10 í Hollandi. Enn fremur sé til nóg vatnsafl til að knýja púðurmýllur, sem yrðu þá ódýrari í rekstri en hestamýllur. Hér mun í fyrsta sinn tæpt á því að nota vatnsafl til iðnaðar á Íslandi, en ekki er sú hugmynd nefnd í *Consignatio*, né heldur púðurgerðin, en henni skýtur upp síðar í ritgerð Gísla, *Res et scopus*.<sup>15</sup>

(4) Í þriðja lið tillagnanna er rætt um hugsanlega vinnslu góðmálma, einkum silfurs, sem Gísli hefur talið líkur á að myndast á Íslandi. Hann hyggur að landsmenn muni frekar segja sér frá líklegum stöðum til námugraftar en útlendingum, sem þeir tortryggi. Tanche hefur og eftir fálkafangaranum að hann hafi séð silfur sem landsmenn hafi grafið úr jörðu. Svipaðar hugmyndir koma og fram í bréfi Gísla til Worms 1646 og í *Consignatio*.<sup>16</sup>

(5) Í fjórða lið er rætt um saltvinnslu úr sjó, og talið auðvelt að koma henni í framkvæmd, t. d. með því að láta sjó frjósa í gryfjum að vetrarlagi, taka síðan ísinn af og sjóða það sem eftir yrði. Um saltvinnslu ræðir Gísli líka í síðari skrifum sínum, en minnst þar ekki á vinnu-aðferðir við hana.<sup>17</sup>

(6) Í fimmta lið er rætt um fiskveiðar. Þar kemur fram athyglisverð gagnrýni á danska verslunarfélaginu vegna aðferða þess í fiskkaupum. Gísli telur að talsvert af fiski eyðileggist á haust- og vetrarvertíð, þar

<sup>14</sup> GM, bls. 118.

<sup>15</sup> GM, bls. 89–90.

<sup>16</sup> Sjá *Bibl. Arnam.* VII 152 og GM, bls. 76 og 83.

<sup>17</sup> Sjá GM, bls. 64–5 og 79; *Bibl. Arnam.* VII 152.

sem ekki sé hægt að herða hann vegna veðurs, en verslunarfélagið vilji ekki kaupa saltfisk og banni að selja hann öðrum. Hinsvegar sé hægt að selja saltfisk með góðum hagnaði til Frakklands, væri hann verkaður samkvæmt óskum manna þar í landi; eins væri hægt að veiða mikið af löngu og selja til Englands. Þessar hugmyndir koma ekki fram í Consignatio, en í bréfi til Worms 1648 talar Gísli um áform sín að koma upp fátækrahælum og segist ætla að leggja þeim til fiskiskútur.<sup>18</sup> Hinsvegar er þar ekki minnst á fisksölu, enda erfitt um vik vegna einokunar danska verslunarfélagsins.

(7) Í sjötta lið er rætt um tekjur af fuglaveiðum og þá einkum um að selja mætti álftafjaðrir úr landi; bent er á að Frísir hafi miklar tekjur af slíku. Um fuglaveiðar er rætt í Consignatio, 4. kafla, en álftafjaðrir koma þar ekki við sögu.

(8) Bréfinu lýkur með tilmælum Gísla um að hann yrði skipaður yfirmaður allra rannsókna og nýjunga á Íslandi, en þessi tilmæli eru endurtekin með nánari greinargerð í Consignatio, 9. og 11. kafla.

Þetta var vitaskuld eitt mesta áhugamál Gísla, eins og sést af síðari skrifum hans. Sama vor og bréf Tanches var skrifað hefur Gísli rætt áform sín við Óla Worm, þegar hann kom til Kaupmannahafnar á heimleiðinni, og eftir heimkomuna sótti hann samsumars um einkaleyfi til brennisteinstekju á Íslandi til handa sér og Magnúsi föður sínum. Leyfið var veitt, og kann að vera að einmitt bréfið frá Tanche hafi átt einhvern þátt í því, enda þótt Worm þakki sér það að verulegu leyti.<sup>19</sup> Þegar leyfið var fengið, færði Gísli sig undir eins heldur betur upp á skaftið með ritgerð sinni, Consignatio, sem hann sendi utan 1647.

Bréfið sem hér fer á eftir er prentað stafrétt; fáein augljós pennaglöp eru leiðrétt, einkum er stöfum sem fallið hafa niður bætt við í oddklofum.

Durchleüchtigster grossmächtigster König,  
gnadigster Herr.

Weil die gelegenheit es so hat gefüget, dass E. Mayt. Jch vntherth(e-nig)st in einem aussführlichen schreiben ovverture von ezlichen vorschlägen und mittelen habe gethan, so mir an die hand gegeben worden, dadurch die Commerciën in E. M. Reichen in besser aufnehmen, ver-

<sup>18</sup> Sjá *Bibl. Arnam.* VII 161, sbr. Consignatio, 6. kafla.

<sup>19</sup> Sjá *Bibl. Arnam.* VII 155.

muthlich, können gerahten, und consequenter Dero Königl. intraden treflich verbessert worden: So habe ich mich ferner erkünet, E. M. auch allergehorsambst anzudienen, wie sich allhier hat befunden ein vnterthan E. M. auss Jssland, nahmens Gislaus Magnus von Modruwollum, dessen Vatter (wie ich von einem Falkonier habe vernohmen, so über 30. Jahr in Jssland sich dess Falkenfanges hat gebrauchet) der reichste von mittelen, und vornemste von Geschlechteren in selbiger Insel sein soll, welcher sich auf dass Studium Politicum allhier in Holland hat begeben, und zugleich mit allem fleiss über 3. Jahr in diversen Stätten von Holland und anderswo geobserviret hat, wass in Jssland zu besseren Nuz der Einwohner könnte eingeführet werden. Diesen habe ich die ganze Zeit hero an mich gehalten, immassen Er ab und zu, eins und dass ander(e) mir hat zu erkennen gegeben, welches er vermeinet, dass Es zu vorberührten Zweck könnte streken, davon ich hiemit öffnung zu thuen allervnterthenigst habe nöthig erachtet, zumahlen ich mich von den jenigen, wass ich gehorsambst werde berichten, auch von anderen, so den lauff dess Commercij besser dann ich verstehen, wohl habe informiren lassen.

Vors Erste So berichtet Er, dass allerhand Mineralien sich in selbiger Insul befinden, davon der Schwefel albereits von diesem entdeckt, und dass zu anderen, alss Salpeter,<sup>20</sup> Victriol, auch zu metallan und anderen Edleren BergGeschiken guete anzeigungen verhanden weren. Betreffende den Schwefel, so berichtet Er, dass derselbe in sehr grosser quantität, alss irgents an einem orthe zu finden seÿe, von welchen schwefel Er mir probe herauss hat bringen lassen, so allhier geleütert worden, da befunden ist, dass derselbe gar guet seÿ, und wenig vnsauberkeit beÿ sich habe, zwart ists nicht ohne, dass Er an sich etwass geyley oder feister ist, dann der so aus anderen Landen anhero nach Holland gebracht wird, dahero Er von vielen nicht für so gar tüchtig wird gehalten zum Pulver, dennoch aber so kann Er mit etwass mühe darzur nuzlich gesäubert und geraffiniret werden, dass Er darzur bequem wird. Hergegen aber, so ist dieser schwefel in seiner feisten substantie viel und mehr angenehm in Frankreich, alss der schwefel, so auss anderen Landen dahin gebracht wird, welcher schwefel in Frankreich viel zuer Leinwa(n)d im gebrauch kombt. Dabey erwehnet dieser

<sup>20</sup> Leiðrétt; skr. Salyter.

Gislaus Magnus, dass bey vorigen Zeiten alss die Bremer und Hamburger ihren Handel auf Jssland gehabt, viel schwefel darauss sey gefähret worden, seiter dem aber die Compagnie zu Kopenhagen allein auf dem Jssländischen handel sey geotroyret gewesen, so hetten die schwefel Minen alss verborgene schätze geruhet. In vntersuchung der vrsachen, so thätten sich keine andere befinden, alss dass die Jssländische Compagnie sich thätte begnüegen mit dem ordinarie handel dess fleisches und fisches, und bekümmerte sich nicht vmb den profit, so auss dem schwefel und anderen dergleichen zu machen, in betrachtung Sie auf dess allernöthigsten handelss, mit fisch und fleisch, sich ohne dass gar schlecht thätten bedienen. So könnte auch wohl sein, weil vor diesem allein der vngeraffinirte Schwefel sey auss der Insel gebracht, welcher mit grosser mühe und vielem vnkosten erst von dem orth der Mine biss an den nächsten haven auf viel Meile zu Lande auf pferden hat müessen fortgebracht, und so vngeraffinirt aussgeföhret werden, dass die vncosten dess transports so hoch sein gelauffen, dass kein sonderer vortheil möchte darbey gewesen sein. Diss obstaculum aber vermeint Er könne gar leicht auss dem wege geraumet werden, wan in loco der Mine alsobalde der schwefel durch die eingesessenen wurde gepurificiret oder geraffiniret, also dass mit wenigerem vnkosten der schwefel solte können an nächsten haven gebracht, und mit geringerer fracht alss vor diesem auss Jssland übers Meer geföhret werden: So glaubt Er auch, dass an etzlichen orthen ein grosser Landweg solte können gemacht werden, dass man wagen gebrauchen, auch zu Winters Zeit sich der schlitten solte bedienen können. In weiteren vnterführung der eigenschafft dess Jssländischen schwefelss befindet sichs, dass selbiger viel Vitriol bey sich habe, worauss gleichsfalss ein Profit zu hoffen. Ich habe vielfaltig mit der Persohn (davon ich in mein aussführlich schreiben an E. M. habe mentie gemacht) vnterredung wegen dess Jssländischen schwefelss gehabt, welcher die Probe den hiesigen Pulvermachern hat gezeiget, so diesen schwefel vor guet haben befunden, wan Er geraffiniret ist, und helt es diese Persohn dafür, dass der schwefel in Jssland so viel E. M. solte betragen, wan dass Pulvermachen vmb Helsingör in train gebracht, und der schwefel von E. M. gecommittirt dazue solte gelifert, und den leüten in bezahlung angegeben werden, dass E. M. vermuthlich dass Pulver, so dero Orlogsschiffe und Vestunge Jährlich benöthiget, bey nahe solten frey haben.



Vors andere, betreffende den Salpeter, ob zwart selbiger daselbst noch nicht aufgefunden, So zweifelt Er doch ganz nicht, dass solcher aldar vorhanden, sintemahl dass Erdreich an etzlichen orthen sehr fett und darzue wohl gedisoniret, dass Land auch sehr schaffreich ist, vnd ist bekant dass in Engelland und anderen örtheren der Salpeter meistentheilss in den schaffställen gesucht wird, welches gleichfalls in Jssland zu practiciren. Auch hat Er nachricht von einem seiner Landsläute, so sich in Frissland niedergelassen, dass selbiger gar guete anzeigung zum Salpeter in Jssland gefunden, auch eine probe darvon mitheraussgebracht habe. Vnd weil alls die principalste materien zum Pulvermachen in Jssland zufinden, also dass nichts restiret als die Kohlen, welche hiezue auch leichtlich können geschaffet werden, So helt Er es vnzweifelich dafür, dass auch in Jssland guet Pulver solle können gemacht werden, mit kleinem vncosten, Sintemahl Er berichtet, dass Er in Jssland mit einem Reichsthaller zum behuff der Arbeitsleüte mehr will richten, als hier in Holland mit 8 à 10 Rh., worinnen grösstentheilss der Vorthail dess profits bestehet. Zudem seint die kleinen revier und flüsse daselbst in grosser anzahl, welche alle von den Bergichten örtheren fallen sollen, also dass die Pulvermühlen daran gar füglich können gebawet werden, welche gelegenheit die vncosten nicht wenig würde subleviren, so sonsten in solchen Mühlen, so mit pferden vmgetrieben werden, aufgewendet werden müssen.

Vors dritte. So vermeinet auch obgemelter Magnus, dass es noch wohl edlere Berggeschike und mettallen, auch wohl gar Silber rinnen in Jssland haben solte, zumassen dan alte Einwohner seind, welche an vnterschiedenen örtheren davon guete anzeigungen wissen, aber damit nicht dörsten an tag kommen, auss furcht, es möchten ihnen dadurch grössere Beschwerden aufgebürdet werden. Er zweifelt nicht, weil die Inwohner zu ihm, als einem Einheimischen, mehr vertrauen und confidenz hetten, als zu einem frembden, Er werde mit fleissiger nachforschung darhinder kommen, zumahlen wan Jhme solte zugelassen werden, dass Er leüte so völligen verstand davon haben, zu solchem Zweck möchte mit überbringen. Es berichet auch der Falconier, dass er Silber gesehen, welches von einigen Einwohnern hiebevorn auss dem gebirge geholet, und dass Er den orth wohl solte können anweisen.

Vors Vierte. Berichtet Er, dass die See an ezlichen orthen vmb Jssland so salzig seÿe, dass wan dass Seewasser vom Strande abläufft, zum

öffteren clar salz sich daselbst findet, welches bissweilen von den Einwohnern zur speise und sonsten gebrauchet wird, vrtheilet daher, dass auch leicht salz in Jssland solle zu machen sein, auf gleiche manier wie in Schottland, vermeldet, dass der Turff in der Jnsel auch in abundanz seÿe, also dass alle requisita daselbst zum Salzmachen zu finden. Ich habe hierüber auch mit der Persohn, so in meinen ausführlichen schreiben zum öffteren berühret, geredet, welche solch werk gar considerabel helt, und vermeint, dass im Sommer, am Strande grueben in die Erde können gemacht werden, wie auf der Küste von Spanien, Portugall und Frankreich gebräuchlich ist, woselbsten die Hize der Sonnen dass Salz operiret, weil also dann die Sonne sehr penetrant dess orths sein soll. Vermeint auch dass beÿ Winters Zeiten aus den grueben dass Eyss solte können abgenommen werden, also dass die Salsedo vnten thäte bleiben, so ihrer natur nach nicht gefrieren kann, welches alssdann durch die hize dess fewers gar leicht zu salze könnte gekochet werden, und ist diss werk mit geringer mühe zu versuchen.

Vors fünffte. Weil es notori ist, dass der gröste theil der Commerciën in Jssland bestehet in Fischereÿ, So berichtet dieser Islandus, dass noch wohl einmahl und mehr so viel fische selbige Jnsel, an ezlichen örtheren, Jährlich solte können aussgeben, wan die abfuhr allein were, wie sie sein solte, und vermeint Er, dass desswegen hoch nothwendig eine bessere ordonantie. Er berichtet wie die Compagnie vornemlich des gedrukneten fisches sich allein bedienet, so Stokfisch wird genannt, welcher fisch allein in Sommer könnte gedruknet werden. Vnter dessen weil im Herbst, Winter und Vorjahr der meiste Cabliaw werde gefangen, welcher wegen dess saisons zum öfftern nicht kann gedruknet werden, also dass daher, wass von den Einwohnern nicht consumiret wird, zu vielmahlen verdirbt und weggeworffen wird, zumahlen, wan der fisch gleich mit vncosten der Einwohner gesalzen würde, nicht an die Compagnie in einiger quantität kann verhandelt werden, weil dieselbe diesen gesalzen fisch wenig oder gar nichts achtet, und aussführet, zu grossen schaden und nachtheil der Einwohner, auch nicht zulassen will, dass frembde denselben abführen, da doch zu erweisen ist, dass solcher gesalzener fisch mehr angenehm in Frankreich, auch höher von Preiss ist als der Stokfisch, nur dass die Compagnie keinen handel auf Frankreich hat, Er berichtet auch dass ein fisch Länge genant, in grösser quantität sich daselbst soll fangen lassen, welchen die Compagnie auch

nicht achtet, in Frankreich und Engelland aber sehr begehret wird, sonderlich wan solcher fisch auf ein andere manier, alls nu üblich ist, solte geschnitten und gesalzen werden. So vermeinet Er, dass auch damit den Einwohnern ein sonderbarer profit könne zuwachsen, wan dieser fisch auf rechte manier gesalzen, und nach Frankreich oder Engelland möchte verführet werden.

Vors Sechste. So berichtet mehrermelter Gislaus Magnus, dass es in Jssland sehr viel schwanen und andere Gevögel habe, welche aber, und sonderlich die federen von Schwanen ganz nicht gebraucht und aussgeführt werden, da doch solche an anderen orthen gross geld kosten, Sintemahl auch in Friessland viel von Adel und Bauren aufm Land den grösten theil ihrer Revenuen davon haben. Alls(o) vermeinet Er, dass seine Landsleüte könnten angewiesen werden, auch hierunter ihre menagie zu verbessern, wan sie solche möchten aussführen.

Mehr andere mittel könnten allhier zum vorigen Zweck angezogen worden, welche sich aber hernach mit der Zeit selbst an die hand geben und eröffnen möchten, vnter dessen weil ietztangezogene alle dergestalt beschaffen sint, dass Sie entweder ganz nicht gebraucht, oder auch nicht mit solchen nuz, wie sie wohl könnten, theilss auch zu der Compagnie nicht gehörig seint: So bietet dieser Gislaus Magnus ganz vnterthenigst, E. K. Mayt. wollen Jhr gnedigst gefallen lassen, diese neue vorgeschlagene mittelen, dadurch auch E. K. M. Revenuen merklich solten können verbessert, und der Einwohner gedeýliches aufnehmen befördert werden, zue dero special genädigen verordnung zu nehmen, also, dass E. M. Jhr möchten gefallen lassen, seine wenige Persohn darunter zu gebrauchen, dieselbe vorgeschlagene mittel in übung bey den Einwohnern zu bringen, dergestalt, dass Er vermittelst E. Mayt. Königl. Vollmacht und inserutie möchte befehlt werden, auf seine vncosten die Mineralien und andere berggeschike aufsuchen zu lassen, möchte geauthorisiret werden, zu solchem Zweck, Leüte, so darüber verstand haben, hineinzubringen. Dass E. M. zu facilitirung solches heilsamen werkes, an Gouverneur von Jssland wolten gnädigst schreiben, ihme hierunter zu favorisiren, ingleichen an die Praefectos, dass Sie mit ihme hierüber, sowohl anderen so zu der Jnsel besseren und gedeýlicheren aufnehmen gereichen könnte, nothdürfftig wolten conferiren, ihme zu erheischung seiner intention behülflich sein, und mit Raht und That assistiren. Jmfall nun E. K. M. gnedigst möchte gefällig sein, seine

wenige Persohn hierunter alss einen Directeur und Befehlsmann zu gebrauchen, und ihn dafür zu legitimiren, So verhoffet Er, nächst Göttlicher verleyhung, und dessen milden seegen, sich also in seiner Charge zu betragen, wie seine schuldige Trew gegen E. M. auch die naturliche angebohrene Liebe zu seinem Vatterlande solches mit sich bringet, und Jhn dazu verbindet. Vnd ich alss E. M. vnterthänigster Minister an diesem orth habe obligender pflicht halber nicht vorbeÿ gekönnen, E. M. hiervon allervnterth(änig)st und gehorsambst Ouverture zu geben. Der ich verbleibe.

Mense Februario

1646.